

mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 357.

17. júlí 1975.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 81 8. mars 1973, fyrir Vatnsveitu Raufarhafnar.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar þ.e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1973. Upphæð vatnsskatts skal vera 0,40% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 000.00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatni er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- Vatnsnot í steypu til iðnaðar kr. 20.00 fyrir 100 kg af sementsnotkun.
- Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölu, skal greiða kr. 10 000.00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 4.00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 20.00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum.
Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 10.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- Fyrir vatnsnotkun við síldarbræðslu skal greiða kr. 50.00 fyrir hvert landað síldartonn og kr. 40.00 fyrir hvert landað tonn af öðrum afla.
- Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 50.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
- Greiðsla fyrir vatn til skipa og báta í Raufarhafnarhöfn skal vera kr. 60.00 fyrir hvern rúmmetra, Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 500.00 og annarra skipa kr. 1 000.00, þó skulu fiskiskip, sem gerð eru út frá Raufarhöfn, ekki greiða fyrir vatn.
- Greiðsla fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

2. gr.

14. gr. orðist svo:

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mælingum eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 7.40 fyrir hvern rúmmetra vatns. Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess, að vatnsnotkun hans sé mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

17. júlí 1975.

Nr. 358.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 186 6. júní 1973, um Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr og næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0,5% af fasteignamatsverði árlega. Lágmarksgjald skal vera kr. 3 000.00 og hámarksgjald kr. 7 000.00 af íbúð.

2. gr.

Í stað kr. 3.70 í 2. mgr. 11. gr. komi kr. 8.00.

3. gr.

13. gr. orðist svo:

Heimilt er að krefja hvern þann aðila, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu um allt að kr. 5 000.00 í stofngjald af íbúðarhúsnæði miðað við $\frac{3}{4}$ " lögn, tengigjald af atvinnuhúsnæði verði í samræmi við flutningsgetu heimæðar.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.